



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. desember 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (innri endurskoðun, skilyrði til greiðslu örorkulífeyris, meðferð framlags til starfsendurhæfingar o.fl.). 469. mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóði verði veitt skýr lagaheimild til þess að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem geti bætt heilsufar hans, enda liggja fyrir álit trúnaðarlæknis viðkomandi sjóðs í þá veru. Samhljóða ákvæði er í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í greinargerð er ákvæðið rökstutt með því að í þessu sambandi sé sérstaklega litið til laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, þar sem m.a. er mælt fyrir um rétt þeirra sem þiggja örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum til starfsendurhæfingar á vegum starfsendurhæfingarsjóða.

Tilfni umræddrar tillögu að lagabreytingu er m.a. sú að Lífeyrissjóðurinn Gildi breytti samþykktum sínum á ársfundi sjóðsins þann 25. apríl í þá veru að kveða nánar á um rétt umsækjenda um örorkulífeyri til starfsendurhæfingar og skyldur þeirra í því sambandi. Var Gildi fyrsti lífeyrissjóðurinn til að kveða á um endurhæfingarlífeyri á starfsendurhæfingartímabili, en sjóðurinn og VIRK-Starfsendurhæfingarsjóð hafa átt með sér tilraunasamstarf við þróun og uppbyggingu starfsendurhæfingarpjónustu fyrir skjólstæðinga sjóðsins.

Nýja ákvæðið er meðfylgjandi umsögn þessari í viðauka 1. Þar segir að úrskurða skuli um endurhæfingarlífeyri, jafnháum örorkulífeyri, í allt að þrjú ár ef trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, metur það líklegt að skipulögð starfsendurhæfing muni skila árangri. Telji sjóðurinn að fengnu álit trúnaðarlæknis sjóðsins að þess sé ekki að vænta að sjóðfélagi öðlist starfsgetu á ný, að hluta eða öllu, skuli úrskurða um örorkulífeyri í stað endurhæfingarlífeyris. Synji sjóðfélagi þátttöku í endurhæfingu, eða sinni henni ekki með fullnægjandi hætti, geti sjóðurinn fellt niður greiðslur endurhæfingarlífeyris.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki staðfest ofangreinda breytingu á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs. Meðfylgjandi umsögn þessari er bréf ráðuneytisins til Gildis-lífeyrissjóðs í fylgiskjali 2 og bréf Fjármálaeftirlitsins til ráðuneytisins í fylgiskjali 3. Í bréfi fjármálaráðuneytisins er vísað til umsagnar Fjármálaeftirlitsins þar sem fram kemur það mat að umrætt ákvæði feli í sér verulega íþyngjandi skerðingu á eignarréttarvörðum réttindum sjóðfélaga auk þess sem sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt manna til að ráða yfir lífi sínu og líkama, sem leidd eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, komi jafnframt til skoðunar. Að mati Fjármálaeftirlitsins leiki vafi á um að lífeyrissjóði sé heimilt að skilyrða rétt til örorkulífeyris við þátttöku sjóðfélaga í endurhæfingu án skýrrar efnislegrar lagaheimildar til slíks og mælir ekki með því að samþykktirnar verði staðfestar óbreyttar. Ráðuneytið staðfesti því ekki breytingarnar á samþykktunum.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þetta mat Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins kemur á óvart því í gildandi samþykktum lífeyrissjóða, sem fjármálaráðuneytið hefur staðfest, eru almennt ákvæði sem kveða á um að þeim sé heimilt að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við þátttöku í endurhæfingu. Þá kveður 7. gr. laga lög um félagslega aðstoð á um að heimilt sé „að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings sem er á aldrinum 18 til 67 ára verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys. Greiðslur skulu inntar af hendi á grundvelli endurhæfingaráætlunar. Skilyrði fyrir greiðslum er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði sem telst fullnægjandi að mati framkvæmdaraðila ....“

Í gildandi samþykktum Gildis, gr. 12.9, segir: „Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt geti heilsufar hans.“ Í gr. 12.4 segir: „Orkutap skal síðan endurtekið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.“

Í gildandi samþykktum Lífeyrissjóðs verslunarmanna, gr. 13.3, segir: „Heimilt er sjóðnum að fengnu álitu trúnaðarlæknis hans að setja skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt geti heilsufar hans“. Í gr. 13.2 segir einnig „Örorkumat skal meta á þriggja ára fresti eða oftár að mati stjórnar sjóðsins.“

Í ljósi framangreinds mats Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins er mikilvægt að kveðið verði skýrt á um réttindi og skyldur þeirra sem rétt eiga á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum í lögum 129/1997. SA telja hins vegar að frumvarpið taki ekki nægilegt mið af þeirri þróun sem orðið hefur í mati á starfsgetu einstaklinga þar sem teymi sérfræðinga, og eftir atvikum trúnaðarlæknar lífeyrissjóða, leggja heildstætt og sérhæft og heildstætt mat á starfsgetu einstaklinga. SA leggja til að matið á líkum á árangri starfsendurhæfingar verði ekki bundið við trúnaðarlækna sjóðanna eingöngu heldur einnig sérfróða aðila sem lífeyrissjóður getur leitað til í þessu efni.

SA leggja því til að 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

*Á eftir 5. mgr. 15. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Heimilt er, að fengnu álitu trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs eða annarra þar til bærra sérfræðinga í starfsendurhæfingu sem sjóðurinn leitar til, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti starfsgetu hans.*

Þá er í 11. gr. frumvarpsins lagt til að framlög lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar verði ekki núvirt á árabílinu 2013-2017. Er þá miðað við að niðurstöður heildarúttektar á þjónustu starfsendurhæfingarsjóða, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, liggja fyrir. Samtök atvinnulífsins styðja umrætt ákvæði. Ávinningur samfélagsins af starfsendurhæfingu getur verið afar mikill og taka verður mið af honum við núvirðingu eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða, en ekki einungis kostnaðarhlíðina. Sem dæmi um ávinninginn má nefna að skv. mati Talnakönnunar er núvirtur heildarávinningur lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar 170 m.kr. ef tekst að koma í veg fyrir varanlega örorku þrítugs einstaklings með meðaltekjur og koma honum til fullrar virkni á ný. Áætlað er að framlög lífeyrissjóðanna og ríkisins til VIRK verði rúmar 1.800 m.kr. árlega og því þarf einungis að ná fullum árangri í starfsendurhæfingu 11-12 einstaklinga á ári til að jöfnuður verði á milli kostnaðar og ávinnings. Til samanburðar hefur nýgengi örorku verið á bilinu 1.100-1.500 undanfarin ár.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Hannes G. Sigurðsson*

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfsími:**  
591 00 50

**Neffang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is



## Fylgiskjal 1.

### Breytingar á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs varðandi örorkulífeyri, samþykktar á ársfundi sjóðsins 25. apríl 2012

#### Við 12. kafla bætist ný grein er verði númer 12.10. Greinin orðist svo:

Við mat á umsókn um örorkulífeyri skal horft til þess hvernig styðja megi sjóðfélagann til endurhæfingar þannig að hann öðlist á ný færni til að sinna tekjuskapandi viðfangsefnum í samræmi við starfsgetu sína og hæfni. Skal trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, leggja mat á það hvort líklegt sé að skipulögð starfsendurhæfing muni skila árangri og þá gera áætlun um endurhæfingarlífeyri, jafnháan þeim örorkulífeyri sem hann á rétt á eftir ákvæðum þessa kafla samþykpta sjóðsins. Sé endurhæfingarlífeyrir úrskurðaður skal hann ákveðinn fyrir minnst sex mánuði í senn og í allt að þrjú ár samfelld hafi endurhæfing ekki borið tilætlaðan árangur fyrir. Ef sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja tímabil endurhæfingar allt að tveimur árum, telji sjóðurinn að fengnu álit trúnaðarlæknis að enn sé framfara að vænta við áframhaldandi endurhæfingu. Launatekjur sjóðfélaga sem þátt tekur í starfsendurhæfingu skerða ekki endurhæfingarlífeyri sem úrskurðaður hefur verið, enda séu heildartekjur hans á tímabili endurhæfingar ekki umfram tapaðar tekjur skv. gr. 12.3. Endurmat á orkutapi skal fara fram eftir því sem árangur af endurhæfingu gefur tilefni til. Telji sjóðurinn að fengnu álit trúnaðarlæknis sjóðsins að þess sé ekki að vænta að orkutap sjóðfélaga gangi svo til baka að hann fái öðlast starfsgetu á ný, að hluta eða öllu, skal úrskurða örorkulífeyri í stað endurhæfingarlífeyris.

Synji sjóðfélagi þátttöku í endurhæfingu eða sinni henni ekki með fullnægjandi hætti getur sjóðurinn fellt niður greiðslur endurhæfingarlífeyris skv. ákvæði þessu. Örorkulífeyrir verður því aðeins úrskurðaður að endurhæfing sé ekki líkleg til að skila aukinni starfsgetu að mati trúnaðarlæknis sjóðsins.

#### **Greinargerð, dags. 25. apríl 2012, með tillögu að breytingu á samþykktum Gildis-lífeyrissjóð varðandi örorkulífeyri**

Missir starfsgetu og hæfni til að taka þátt í tekjuskapandi viðfangsefnum hefur víðtæk áhrif á líf og lífsgæði þess sem fyrir verður. Því fylgir mikil röskun á félagslegri stöðu og högum ásamt skerðingu á tekjum og möguleikum á að breyta aðstæðum sínum með framgangi í störfum. Þótt tryggingar, þ.m.t. þær sem felast í rétti til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði, séu til þess fallnar að draga úr harkalegustu fjárhagslegu áhrifunum af missi starfsorku, þá blasir við að endurheimt starfsorku er einstaklingnum mikilvægust til að bæta stöðu hans í brád og lengd.

Hluttur örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum Gildis-lífeyrissjóðs hefur alla tíð verið mjög hár. Á síðustu 5 árum hefur þetta hlutfall verið um og yfir 30%. Þessi háí örorkulífeyrir skerðir að sama skapi getu sjóðsins til greiðslu ellilífeyris. Allir sjóðfélagar hafa því ríka hagsmuni af því að vel takist til um endurhæfingu þeirra sjóðfélaga sem verða fyrir missi starfsorku.

Reynslan sýnir að því fyrr sem tekið er til við endurhæfingu eftir missi starfsorku þeim mun líklegri er að marktækur árangur náist. Aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa tekið forystu um aukinn viðbúnað til að styrkja endurhæfingarúrræði. Í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu 2008 náðist samkomulag um stofnun sjálfseignarstofnunar um starfsendurhæfingu, VIRK-Starfsendurhæfingarsjóð, sem fjármagnaður er með launatengdu gjaldi atvinnurekenda sem svarar til 0,13% af öllum launum, jafn háu framlagi ríkissjóðs og loks sama hlutfallslega framlagi frá lífeyrissjóðum. Er miðað við að VIRK taki yfir þann kostnað af endurhæfingaráþjónustu sem lífeyrissjóðirnir höfðu stofnað til með þátttöku í skipulegri starfsemi af þeim toga. Um greiðslur og innheimtur iðgjalda til starfsendurhæfingarsjóðs fer skv. lögum nr. 73/2011.

Með hliðsjón af þeirri auknu áherslu á skipulega starfsendurhæfingu sem ofangreind fjárfrahlög til VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs vitna um og til að reglur sjóðsins um bótarétt við missi starfsorku endurspegli þá áherslu að sem flestir fái með skipulagðri starfsendurhæfingu endurheimt starfsorku sína þykir rétt að taka inn sérstakt ákvæði hér um í samþykktir lífeyrissjóðsins.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Tillögugreinin miðar við að festa í sessi tímabil endurhæfingar sem að jafnaði komi til áður en örorkulífeyrir er úrskurðaður. Er miðað við að sjóðfélagi fái endurhæfingarlífeyri sem sé jafnhár þeim örorkulífeyri sem sjóðfélaginn á rétt á skv. ákvæðum samþykktanna. Sjóðurinn mun nýta sér þjónustu VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs, en hugsanlegt er að fleiri aðilar komi hér að, svo ekki þykir tækt að binda í samþykktir sjóðsins samstarf við þann aðila einan. Ætlunin er sú að úrskurður um greiðslu endurhæfingarlífeyris taki mið af áætlunum um framvindu endurhæfingar. Miðað við fyrirliggjandi reynslu þykir líklegt að í kjölfar umsóknar um lífeyri skv. 12. kafla samþykktanna verði gerð frumáætlun um endurhæfingu umsækjandans og honum ákvarðaður endurhæfingarlífeyrir fyrir 6 til 12 mánuði. Í lok þess tímabils verði árangur metinn og sé enn framfara að vænta verði tímabil endurhæfingar framlengt, mögulega oftár en einu sinni þannig að það geti orðið allt að 3 ár. Í einstaka tilvikum, ef sérstaklega stendur á og trúnaðarlæknir álitur enn vera framfara að vænta, verði mögulegt að framlengja þetta tímabil um allt að tvö ár til viðbótar. Leggja verður áherslu á virka þátttöku sjóðfélaga í skipulagðri endurhæfingu og hefur sjóðurinn rétt til að fella niður greiðslur lífeyris ef sjóðfélaginn hafnar þátttöku í slíkri endurhæfingu eða sinnir henni ekki.

Í tillögugreininni er sérstaklega vikið að því að atvinnutekjur sem sjóðfélagi í skipulegri starfsendurhæfingu nýtur skerða ekki úrskurðaðan endurhæfingarlífeyri, þó að gætri grunnreglu gr. 12.3 um að bætur fari ekki umfram þau mörk að bæta tekjutap sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir vegna missis starfsorku. Rétt þykir hins vegar að taka fram að útreikningur þessi miðast við tímabil starfsendurhæfingarinnar í heild en ekki einstök launatímabil. Er enda talið mikilvægt að sá sem sætir starfsendurhæfingu hafi ávinning af því að taka upp launað starf og sé ekki haldinn misskilningi um það, að hann kunni með einhverjum hætti að standa fjárhagslega lakar að vígi fyrir þær sakir.

Endurmat á orkutapi og starfshæfni fer fram eftir því sem endurhæfingu miðar áfram og þegar markmiði um endurheimta starfshæfni er náð lýkur jafnframt greiðslutímabili lífeyrissjóðsins.

Ætlað er að í langflestum tilvikum sé líklegt að skipulögð endurhæfing geti skilað árangri, en í einstaka tilvikum kunna þær horfur að vera mjög takmarkaðar. Getur þá trúnaðarlæknir sjóðsins ákveðið að ekki skuli gera þátttöku í endurhæfingu að skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris. Þegar fyrir liggur að endurhæfing skili ekki frekari árangri fer fram endanlegt mat á missi starfsorku sjóðfélagans og sé orkutap enn slíkt að sjóðfélagi fullnægi skilyrðum 12. kafla fyrir greiðslu örorkulífeyris skal úrskurða þar um eftir reglum samþykktanna.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

**Fylgiskjal 2. Bréf fjármálaráðuneytisins til Gildis-lífeyrissjóðs, dags. 13. júlí 2012. Efni: Vegna staðfestingar á samþykktarbreytingum – töl á afgreiðslu.**

**Fylgiskjal 3. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins, dags. 20. júní 2012. Efni: Umsögn um breytingar á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs.**





Gildi - lífeyrissjóður  
Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri  
Sætúni 1  
105 Reykjavík

## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvíli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 13. júlí 2012  
Tilv.: FJR12060021/15.3

Efni: Vegna staðfestingar á samþykktarbreytingum - tilkynning um töf á afgreiðslu.

Ráðuneytið vísar til erindis Gildi lífeyrissjóðs, dags. 8. júní 2012, þar sem þess er farið á leit við ráðuneytið að það staðfesti breytingar á samþykktum sjóðsins. Með bréfi, dags. 12. júní 2012, óskaði ráðuneytið eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um breytingarnar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Umsögn Fjármálaeftirlitsins barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 20. júní 2012. Þar kemur fram það mat eftirlitsins að lokamálsliðir ákvæðis 12.10 í samþykktum sjóðsins kveði á um verulega íþyngjandi skerðingu á eignarréttarvörðum réttindum sjóðfélaga auk þess sem sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt manna til að ráða yfir lífi sínu og líkama, sem leidd eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, komi jafnframt til skoðunar. Fram kemur það mat Fjármálaeftirlitsins að vafi leiki á um að lífeyrissjóði sé heimilt að skilyrða rétt til örorkulífeyris við þátttöku sjóðfélaga í endurhæfingu án skýrrar efnislegrar lagaheimildar til slíks og mælir ekki með því að samþykktir Festu lífeyrissjóðs verði staðfestar óbreyttar.

Með vísan til þess sem að framan greinir er það mat ráðuneytisins að erindi Gildi lífeyrissjóðs þarfnist frekari skoðunar við. Ráðuneytið mun því ekki staðfesta breytingar á samþykktum sjóðsins að svo stöddu.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hafdís Ólafsdóttir

  
Anna Valbjörg Ólafsdóttir

Fjármálaráðuneytið  
b.t. Önnu Valbjargar Ólafsdóttur  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

20. júní 2012

Tilvísun: 2012060034/12.2.2  
Tilvísun yðar: FJR12060021/15.3

### Efni: Umsögn um breytingar á samþykktum Gildi lífeyrissjóðs

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 12. júní sl., þar sem óskað er umsagnar um breytingar á samþykktum Gildi lífeyrissjóðs í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Breytingar þær á samþykktum sjóðsins, sem óskað er staðfestingar á voru samþykktar á ársfundi þann 25. apríl sl. Breytingarnar snúa að því að kveðið sé á um skipan og verkefni endurskoðunarnefnda í samþykktum sjóðsins, breytingu á hámarksíðgjaldi sem mögulegt sé að greiða til sjóðsins auk þess sem nýju ákvæði er bætt við samþykktirnar um svokallaðan endurhæfingarlífeyri með hliðsjón af markmiðum með starfsemi VIRK endurhæfingarsjóðs.

Ákvæði 12. 10 um svokallaðan endurhæfingarlífeyri fela m.a. í sér þá breytingu við úrskurð örorkulífeyris að sé að álitu trúnaðarlæknis, eða eftir atvikum annars sérfróðs aðila, líklegt að skipulögð starfsendurhæfing muni skila árangri skal lífeyrissjóðurinn ákveða umsækjanda endurhæfingarlífeyri, jafnháan þeim örorkulífeyri sem hann ætti rétt á samkvæmt samþykktum sjóðsins. Skal endurhæfingarlífeyrir ákveðinn fyrir minnst sex mánuði í senn og í allt að þrjú ár samfellt, hafi endurhæfing ekki borið tilætlaðan árangur fyrr. Ef sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja tímabil endurhæfingar allt að tveimur árum, enda sé að álitu trúnaðarlæknis enn framfara að vænta.

Í 9. málsl. 12.10 kemur fram að synji sjóðfélagi þátttöku í endurhæfingu eða sinni henni ekki með fullnægjandi hætti geti sjóðurinn fellt niður greiðslur endurhæfingarlífeyris sem honum hefur verið úrskurðaður. Í 10. másl. ákvæðisins kemur fram að örorkulífeyrir verði aðeins úrskurðaður að endurhæfing sé ekki líkleg til að skila aukinni starfsgetu að mati trúnaðarlæknis sjóðsins. Leiða framangreind ákvæði til þess að synji sjóðfélagi þátttöku í endurhæfingu, þrátt fyrir að trúnaðarlæknir sjóðsins meti það sem svo að endurhæfing sé líkleg til að skila aukinni starfsgetu, sé lífeyrissjóðnum heimilt að synja aðila um greiðslu bæði endurhæfingar- og örorkulífeyris.

Framangreind heimild lífeyrissjóðsins til að fella niður greiðslur endurhæfingarlífeyris og að úrskurða ekki um örorkulífeyri nema að endurhæfing sé ekki líkleg til að skila aukinni starfsgetu byggir á 6. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 sem kveður á um að í samþykktir lífeyrissjóðs skuli setja frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um skilyrði fyrir greiðslu



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

hans. Í athugasemdum um 15. gr. með frumvarpi til laga nr. 129/1997 kom fram að í samþykktum ætti að fjalla um skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, svo sem um framlagningu vottorða og annarra gagna og skyldu til að gangast undir endurhæfingu.

Í Hæstaréttardómi frá 28. maí 1998, nr. 368/1997 kemur fram að lífeyrisréttindi njóti verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands og að slík réttindi verði ekki tekin af fólki nema með skýlausri lagaheimild í samræmi við framangreint stjórnarskrárákvæði. Lokamálsliðir ákvæðis 12.10 kveða á um verulega íþyngjandi skerðingu á eignarréttarvörðum réttindum auk þess sem sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt manna til að ráða yfir lífi sínu og líkama, sem leidd eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, koma hér til skoðunar. 6. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 hefur ekki að geyma efnisleg ákvæði sem skilyrða rétt til örorkulífeyris við það að sjóðfélagi taki þátt í endurhæfingu. Með hliðsjón af framangreindu telur Fjármálaeftirlitið verulegan vafa leika á því að lífeyrissjóði sé heimilt að skilyrða rétt til örorkulífeyris við þátttöku sjóðfélaga í endurhæfingu án skýrrar efnislegrar lagaheimildar til slíks.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið breytingarnar og mælir, með vísan til framangreinds, ekki með því að samþykktirnar séu staðfestar óbreyttar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Halldóra E. Ólafsdóttir*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*Gunnar Þór Ásgeirsson*  
Gunnar Þór Ásgeirsson